

# Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 9. janúar kl. 8.30 - 10

## Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Ársæll Guðmundsson, Jón Torfi Jónasson, Svanhildur M. Ólafsdóttir og Sólrún Harðardóttir. Gunnar Gíslason boðaði forföll.

## Fundarstaður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

## Umræðuefni

- Stöðuskýrsla
- Plagg Jóns Torfa: *Rök fyrir nýrri hugsun í menntakerfinu um starfsþróun kennara og spurningar um útfærslu hennar*
- Starfsáætlun og stefnumótun
- TALIS
- Innleiðing hvítbókar
- Önnur mál

## Stöðuskýrsla

Sigurjón og Sólrún hafa unnið drög að ársskýrslu fyrir árið 2014 og var henni dreift á fundinum. Fram komu tillögur um að gera kafla um fjármögnun skýrari og eins framsetningu á verkefnum framundan. Stöðuskýrslan verður send út til stýrihópsins og hugsanlega fagráðsins í heild í næstu viku til yfirlesturs. Í framhaldinu verður lokaútgáfu skilað inn til ráðherra. Við munum síðar birta skýrsluna á vefnum okkar.

## Plagg Jóns Torfa: Rök fyrir nýrri hugsun í menntakerfinu um starfsþróun kennara og spurningar um útfærslu hennar

Plaggið hefur borið fyrir augu fundarmanna en ekki fengið formlega umfjöllun. Talsvert var rætt um plaggið og þá einkum útfærsluna á 3. kafla sem snýst um afstöðu hagsmunaaðila (stjórnvalda (ríkis – sveitarfélaga), samtaka kennara, háskóla og fagráðsins sjálfs). Forma þarf spurningar til þessara aðila (minnt var á að skilgreiningin á starfsþróun væri höfð með), og vænst yrði svara í formi greinargerðar. Bent var á að svör við ýmsum spurningum væru þegar fyrir hendi, nú þegar hefur vinna átt sér stað um ýmsa þætti er þarna koma fram.

## Starfsáætlun og stefnumótun

Plagg Jóns Torfa er hjálpargagn í stefnumótun. Sigurjón lagði fram myndræna lýsingu á stefnumótun um símenntun og starfsþróun (sjá hér á eftir). 1. mynd: Starfsþróun og símenntun verði aðalatriðið og hjartað í stefnumótuninni. 2. mynd: Fagráðið og stýrihópurinn var sett í samhengi innan skólakerfisins. Í verklagi þarf að vera áhersla á samtal á milli hópa. 3. mynd: Fjölbreytt gögn fagráðsins eru efniviður í lokaskýrslu. 4. mynd: Áfangaskýrslur eru að verða til um ýmis atriði (dæmi: sjóðaskýrsla ásamt greinargerð, greinargerð um Future Teachers) og líta mætti á 3. kafla í plaggi Jóns Torfa sem fóður í eina áfangaskýrsluna. Með gagnasöfnun fagráðsins má segja að stefnumótun hafi hafist. Lokatillögur fagráðs verða tillögur sem að stórum hluta byggjast á áfangaskýrslum. 5. mynd:

Æskilegt væri að setja fljótlega niður hverjar yrðu helstu áherslur í lokatillögum. Það gerir starf fagráðsins framundan markvissara.

Í umræðu var lögð á það áhersla að út úr starfi fagráðs þyrfti að koma bitastæðar tillögur. Stefna verði að vera skýr, hagsmunaaðilar þurfi að hafa yfirsýn og gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og skuldbindingum. Aðalmálið er að eitthvað jákvæð þróun verði í *skólasamfélaginu*.

Sólrún sýndi töflu (drög að starfsáætlun) sem endurspeglaði þau verkefni sem framundan eru og greint er frá í stöðuskýrslunni. Leitast er við að tímasetja þessi verkefni í töflunni. Lagt var til að taflan myndi fylgja með stöðuskýrslunni til ráðherra, og jafnframt var rætt að bæta mætti við upplýsingum um hvaða liðir fælu í sér kostnað. Taflan leggur línur um starfið en er ekki skuldbindandi. Meðal þess sem sjá má í töflunni eru fundir með ráðherra en mikilvægt þykir að eiga samræðu við hann reglulega. Jafnframt eru settar inn í áætlunina kynningar á ýmsu formi (t.d. fundir, fjölmiðlar, vef færslur) við lok áfanga í vinnunni.

Í sambandi við starfsáætlunina var sérstaklega beint sjónum að starfsþáttum sem skammt eru á veg komnir. Þannig var m.a. rætt um TALIS (sjá næsta lið), en einnig fyrirkomulag starfsþróunar í öðrum löndum, starfendarannsóknir og fleira. Ákveðið var að stofna vinnuhóp sem fjallar um starfsþróun í öðrum löndum.

Á þessu stigi komu ekki fram ábendingar um atriði sem þóttu vanta inn í áætlunina.

## TALIS

Ákveðið var að stofna vinnuhóp með fimm fulltrúum (einum frá háskólum, ráðuneyti og sambandi sveitarfélaga og kennara og skólastjórnanda) til að fjalla um TALIS og önnur gögn er falla undir að greina þarfir fyrir símenntun og starfsþróun. Starfsmaður kalli eftir tilnefningum í vinnuhópinn.

Ekki gafst tími til að heyra í fundarmönnum varðandi atriði í TALIS sem þeim þykir mikilvægt að kafa betur ofan í. Sólrún mun safna þessum upplýsingum saman með símtölum eða í tölvupósti.

## Innleiðing hvítbókar

Aðgerðahópar um innleiðingu hvítbókar munu skila af sér innan tíðar. Einhverjir meðlimir í fagráðinu eru inni í umræðu þessara hópa. Fagráðið mun fylgjast með því sem kemur út úr vinnu aðgerðahópanna og ræða niðurstöður í tengslum við starfsþróun kennara.



## Önnur mál



Rætt var um fundartíma og kom þetta út úr þeirri umræðu:

- Fagráðsfundur 18. eða 19. mars eftir hádegi. Ráðherra sé boðið að koma á þann fund.
- Fundir í stýrihópi: 20. janúar kl. 13 og 2. febrúar kl. 9.

*Sólrún Harðardóttir skrifaði punkta*

## Verkefni Fagráðs: Tillaga að stefnu um símenntun og starfsþróun.





Gagna-  
söfnun

Áfanga-  
skýrslur

Loka  
tillögur

Helstu áherslur í  
lokatillögum?

